VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir

9. tbl. /08



*Syðri hluti nýs Dettifossvegar (862) frá Hringvegi að Dettifossi er auglýstur í útboð í þessu blaði. Þessi framkvæmd verður væntanlega kynnt nánar í næsta blaði. Myndin er tekin þar þegar jarðvegsrannsóknir stóðu yfir í september sl. Mynd: Hafdís E. Jónsdóttir.*

## Átak í gæðastjórnun framkvæmda

Vegagerðin hefur frá árinu 1999 unnið að uppbyggingu gæðakerfis stofnunarinnar. Samhliða þeirri uppbyggingu hafa verið gerðar auknar kröfur til gæðastjórnunar hjá viðskiptavinum hennar. Á árinu 2002 voru fyrst settar kröfur í útboðsgögn um gæðastjórnunarkerfi þeirra verktaka sem vinna fyrir Vegagerðina. Í upphafi giltu kröfurnar einungis fyrir stærstu verkefnin, en smám saman hafa kröfurnar verið auknar og frá 1. janúar 2008 er gerð sú krafa til allra verktaka sem taka þátt í útboðum Vegagerðarinnar að þeir vinni með gæðastjórnunarkerfi.

Á þessum árum hefur allmikið áunnist í þessum málum,

*framhald á bls. 3*

## Fundur um: leiðbeiningar til verktaka, aðstoð við innleiðingu gæðakerfa verktaka

Í framhaldi af ákvörðun Vegagerðar um kröfu um gæðakerfi verktaka hafa Vegagerðin og Samtök iðnaðarins efnt til samstarfs þar sem verktökum verður leiðbeint við að koma á móts við kröfurnar.

Verkefnið er tilraun sem nær til nokkurra verkefna sem boðin verða út nú í vor og sumar.

Á fundindum verður verkefnið kynnt og hvaða aðstoð verktökum stendur til boða.

Fundarstaður: Hús atvinnulífsins
Borgartúni 35, 6. hæð
Fundartími: Fimmtudagurinn
10. apríl kl. 15:00-16:30.

SI VEGAGERÐIN

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 16. árg. nr. 494 7. apríl 2008**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




## Héðinsfjarðargöng

Í viku 13 var unnið við bergstyrkingar við og umhverfis munna ganga í vestanverðum Héðinsfirði. Ólafsfjarðarmegin gekk gangagröftur hægt vegna bergþéttinga og voru einungis sprengdir um 15 m og er lengd ganga þeim megin frá 2.712 m.

Samtals er því búið að sprengja 6.352 m eða um 60,1% af heildarlengd.




*Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 31. mars. 2008. Búið er að sprengja 3.640 m í Siglufirði og 2.712 m í Ólafsfirði.*

## Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgata

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð á endurlögn Strandavegar (643) í Strandabyggð og Hólmavíkurhreppi. Vegarkaflinn er í botni Steingrímsfjarðar, frá Geirmundarstaðavegi að slitlagsenda rétt innan Hálsgötu. Vegarkaflinn er 4,0 km að lengd og skal vera 6,5 m breiður með bundnu slitlagi.

Verki skal vera að fullu lokið fyrir 1. október 2008. Útlögn klæðingar skal þó að fullu lokið 1. september 2008.

Skila skal tilboðum þriðjudaginn 15. apríl 2008.

Loftmynd: *Loftmyndir ehf.*




*framhald af forsíðu*

en að undanförnu hefur eins og hægt á framförum í þessum efnum. Til þess að þoka gæðastjórnunarmálum áfram hefur Vegagerðin í samvinnu við Samtök iðnaðarins verið að undirbúa átak í þessu efni. Átakið er fólgið í því að taka ákveðin útboðsverk sérstaklega fyrir og vinna að auknum skilningi og framþróun gæðastjórnunar í framkvæmdum. Til þessa verkefnis hafa Vegagerðin og Samtök iðnaðarins ráðið Gunnar H. Guðmundsson ráðgjafa hjá fyrirtækinu 7.is til að vinna með bæði verktökum og þeim starfsmönnum Vegagerðarinnar sem hafa umsjón með viðhaldi, þjónustu og nýframkvæmdum.

Undirbúningur þessa verkefnis hefur staðið frá áramótum og er nú tilbúið til kynningar fyrir verktökum og þeim starfsmönnum Vegagerðarinnar sem munu koma að verkefninu.

Samtök iðnaðarins og Vegagerðin boða því til kynningarfunda um verkefnið og verður fyrri fundurinn með verktökum haldinn 10. apríl (sjá auglýsingu á forsíðu) Allir verktakar eru velkomnir á fundinn.

Kynningarfundur með starfsmönnum Vegagerðarinnar verður haldinn föstudaginn 11. apríl og boðaður þeim sérstaklega.

Á fundunum munu starfsmenn Samtaka iðnaðarins, Vegagerðarinnar og Gunnar H. Guðmundsson ráðgjafi verkefnisins kynna þetta átaksverkefni og fjalla um hvernig staðið verður að því.




*Samtals er búið að sprengja 6.352 m sem er 60,1 % af heildarlengd.*




# Auglýsingar útboða

## Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur 07-090

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Lyngdalsheiðarvegar (365). Lyngdalsheiðarvegur liggur á milli Þingvallavegar og Laugarvatnsvegar og verður um 15 km langur. Einnig skal leggja um 1,7 km langa vegtengingu frá Lyngdalsheiðarvegi að núverandi Gjábakkavegi. Gera skal vegamót við Þingvallaveg og hringtorg við Laugarvatnsveg, auk tveggja áningarstaða á Lyngdalsheiði.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Skering í vegstæði | 550.000 $m^3$ |
| - þar af bergskering | 32.000 $m^3$ |
| Bergskering í námu | 23.000 $m^3$ |
| Malað berg úr námu | 30.000 $m^3$ |
| Fylling og fláafleygar | 590.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 80.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 30.000 $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 120.000 $m^2$ |
| Tvöfalt malbik | 5.600 $m^2$ |
| Ræsi | 700 m |
| Frágangur fláa | 270.000 $m^2$ |

Útlögn klæðingar og gerð hringtorgs skal vera lokið fyrir 1. september 2010. Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. maí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit 08-056

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Lyngdalsheiðarvegar (365) milli Laugarvatns og Þingvalla.

Verkið felst í gerð nýs Lyngdalsheiðarvegar (365) á milli Þingvallavegar og Laugarvatnsvegar. Lengd útboðskaflans er um 15 km. Einnig á að gera um 1,7 km langa vegtengingu frá Lyngdalsheiðarvegi að núverandi Gjábakkavegi. Á mótum Lyngdalsheiðarvegar og Laugarvatnsvegar skal gera hringtorg, á mótum Lyngdalsheiðarvegar og Þingvallavegar skal gera T-gatnamót og á Lyngdalsheiðarvegi skal gera tvo áningarstaði.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnivals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgarúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. maí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 27. maí 2008 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnimati og verðtilboð opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.




## Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur 07-090

Hér er auglýst útboð Lyngdalsheiðarvegar (365) milli Þingvallavegar og Laugarvatnsvegar. Þessi framkvæmd hefur verið kynnt ítarlega hér í blaðinu í matsferli umhverfisáhrifa. Öll gögn um það má finna á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, undir „framkvæmdir“. Á kortinu er nýr vegur sýndur með rauðri línu.

Kortagrunnur: *Landmælingar Íslands*.

# Auglýsingar útboða

## Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2008, „repave“ 08-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í malbiksyfirlagnir með „repave“-aðferð á Suðvestursvæði árið 2008.

Helstu magntölur:

„Repave“ yfirlagnir .............. 56.000 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Þingskálavegur (268), Rangárvallavegur - Heiði 08-065

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð 5 km langs kafla Þingskálavegar (268), frá Rangárvallavegi að Heiði.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Skering | 1.700 m³ |
| Fylling | 9.800 m³ |
| Fláafleygar | 7.300 m³ |
| Neðra burðarlag | 9.900 m³ |
| Efra burðarlag | 4.300 m³ |
| Tvöföld klæðing | 32.000 m² |
| Frágangur fláa | 40.000 m² |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit | 08 |
| 08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit | 08 |
| 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð | 08 |
| 08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur | 08 |
| 08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Fífuhvammsvegur, hönnun | 08 |
| 08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut, hönnun | 08 |
| 08-057 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit | 08 |
| 08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði | 08 |
| 08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfljót | 08 |
| 08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof | 08 |
| 08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut | 08 |
| 08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur | 08 |
| 08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá | 08 |
| 08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut | 08 |
| 08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland | 08 |
| 08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá | 08 |
| 08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg | 08 |
| 08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður | 08 |
| 08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit | 08 |

| Fyrirhuguð útboð, framhald | Auglýst: |
|---|---|
| 08-042 Breikkun Hringvegar (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi | 08 |
| 08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Sláttudalur | 08 |
| 08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut | 08 |
| 08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði | 08 |
| 08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26) | 08 |
| 08-016 Hringvegur (1) um Blönduós | 08 |
| 08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011 | 08 |
| 08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik | 08 |
| 08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik | 08 |
| 08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008 | 08 |
| 08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti | 08 |
| 08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti | 08 |
| 08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing | 08 |
| 08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 | 08 |
| 08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá | 08 |
| 08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður | 08 |
| 08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi | 08 |
| 08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka | 08 |
| 08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging | 08 |
| 08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal | 08 |
| 08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir | 08 |
| 08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós | 08 |

## Niðurstöður útboða

### Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2008, norðurhluti 08-037

Tilboð opnuð 1. apríl 2008. Efnisvinnsla á Norðaustursvæði árið 2008 í Eyjarfjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu.

Helstu magntölur eru:

Efni í malarslitlag . . . . . . . . . . . . . . . . . 18.500 $m^3$
Efni í klæðingu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4.000 $m^3$

Verki skal að fullu lokið 15. október 2008.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Alverk ehf. | 45.940.000 | 141,2 | 13.640 |
| 2 | Myllan ehf. | 34.102.200 | 104,8 | 1.802 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 32.545.000 | 100,0 | 245 |
| 1 | Skútaberg ehf. | 32.300.000 | 99,2 | 0 |

### Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland 08-004

Tilboð opnuð 1. apríl 2008. Endurbygging á um 4,5 km löngum kafla Dagverðareyrarvegar (816) frá Hringvegi að Hellulandi.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar. . . . . . . . . . . . . 10.700 $m^3$
Neðra burðarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . 12.500 $m^3$
Efra burðarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6.800 $m^3$
Stálröraræsi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 123 m
Tvöföld klæðing . . . . . . . . . . . . . . . . . 28.400 $m^2$

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Árni Helgason ehf. Ólafsfirði | 54.010.500 | 130,3 | 9.223 |
| 1 | G.V. gröfur ehf. Akureyri | 44.781.000 | 108,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 41.460.000 | 100,0 | -3.321 |

| Fyrirhuguð útboð, framhald | | Auglýst: |
|---|---|---|
| 08-005 | Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá | 08 |
| 08-002 | Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg | 08 |
| 07-089 | Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur | 08 |
| 07-084 | Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur | 08 |
| 07-039 | Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 08 |
| 07-040 | Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | 08 |
| 06-006 | Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 08 |
| 07-012 | Skagavegur (745) um Króksbjarg | 08 |
| 07-009 | Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga | 08 |

| Auglýst útboð | | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|---|
| 07-090 | Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 08-056 | Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 06-007 | Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 07.04.08 | 20.05.08 |
| 08-065 | Þingskálavegur (268), Rangárvallavegur - Heiði | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-048 | Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“ | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-049 | Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-050 | Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-047 | Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013 | 07.04.08 | 22.04.08 |
| 08-003 | Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-038 | Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing | 31.03.08 | 15.04.08 |

| Auglýst útboð, framhald | | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|---|
| 07-086 | Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgata | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-027 | Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Klausturhólar | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-028 | Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246), Skógar (2288) Mýrdalsjökulsvegur (222) | 31.03.08 | 15.04.08 |
| 08-058 | Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvíkf, endurútboð | 17.03.08 | 08.04.08 |
| 08-043 | Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 | 17.03.08 | 22.04.08 |
| 08-053 | Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg | 10.03.08 | 15.04.08 |

| Útboð á samningaborði | | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|---|
| 08-037 | Efnisvinnsla Norðaustur-svæði 2008-2009, norðurhluti | 17.03.08 | 01.04.08 |
| 08-004 | Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland | 17.03.08 | 01.04.08 |
| 07-010 | Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur | 11.02.08 | 26.02.08 |
| 08-001 | Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum | 28.01.08 | 19.02.08 |
| 07-085 | Óshlíðargöng, eftirlit | 26.11.07 | 15.01.08 |
| 07-062 | Óshlíðargöng | 07.08.07 | 22.01.08 |

| Samningum lokið | | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|---|
| 07-091 | Auðsholtsvegur (340) um Syðra Langholt *Nesey ehf.* | 19.02.08 | 01.04.08 |
| 07-011 | Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár *Stafnafell ehf.* | 12.02.08 | 13.03.08 |

# Auglýsingar útboða

## Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008 - 2013 08-047

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Suðvestursvæði árin 2008 - 2013.

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | | |
|---|---|---|
| Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn | 175.000 | km |
| Eftirlitsbílar, km við eftirlit | 55.000 | km |
| Vörubílar, vinna á tímagjaldi | 30 | klst. |
| Vörubílstjórar í biðtíma | 50 | klst. |
| Eftirlitsmenn við eftirlit og upplýsingagjöf | 3.500 | klst. |

Verki skal að fullu lokið 10. maí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss 06-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Dettifossvegar (862). Dettifossvegur liggur frá Hringvegi norður að Dettifossi og verður um 21,1 km langur. Einnig skal legga um 2,8 km langa vegtengingu að Dettifossi og 1,3 km langa vegtengingu að Hafragilsfossi. Gera skal tvö útskot og einn áningarstað við Dettifossveg og jafnframt bílastæði við Hafragilsfoss og Dettifoss. Vegirnir skulu lagðir klæðingu sem og útskot, áningarstaður og bílastæði við Hafragilsfoss, en bílastæði við Dettifoss skal malbikað.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskering | 7.000 | $m^3$ |
| Önnur skering | 260.000 | $m^3$ |
| Fylling | 310.000 | $m^3$ |
| Fláafleygar | 62.000 | $m^3$ |
| Ræsalögn | 680 | m |
| Endafrágangur ræsa | 60 | stk. |
| Neðra burðarlag | 151.000 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 44.000 | $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 189.000 | $m^2$ |
| Stungumalbik | 5.200 | $m^2$ |
| Gangstígar með malarslitlagi | 400 | $m^2$ |
| Frágangur fláa | 510.000 | $m^2$ |
| Grjóthleðsla, stakir steinar | 450 | stk. |
| Grjóthleðsla, hlaðið grjót (veggir) | 25 | $m^3$ |
| Hellulögn | 250 | $m^2$ |

Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. maí 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

## Grassláttur á Suðvestursvæði 2008 - 2010 08-050

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í grasslátt á Suðvestursvæði árin 2008 - 2010

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | | |
|---|---|---|
| Grassláttur | 1.400.000 | $m^2$ |
| Kantsláttur | 265.000 | $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 1. september 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik 08-049

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Suðvestursvæði árið 2008.

Helstu magntölur:

| | | |
|---|---|---|
| Malbik | 15.200 | tonn |
| Útlögn | 135.000 | $m^2$ |
| Undirvinna axla | 15.400 | $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 7. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Þessi auglýsing var birt í 7. tbl. en er birt hér aftur vegna breytingar á skiladegi tilboða.

## Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 08-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðvestursvæði 2008 og 2009. Um er að ræða 15 vegkafla, alls 31,8 km.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Festun með froðubiki | | |
| Árið 2008 | 130.670 | $m^2$ |
| Árið 2009 | 90.776 | $m^2$ |
| Tvöföld klæðning | | |
| Árið 2008 | 136.034 | $m^2$ |
| Árið 2009 | 94.666 | $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 1. september bæði ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. mars 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn **22. apríl 2008** og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.